

jafnframt útborguninni 10. sept. 1904, að sú útborgun var bygð á því, að það væri rétt sem í eftirritinu stóð, að hann hefði að eins fengið 300 kr. í fyrra skiftið.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta aukaréttardóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum mega niður falla.

### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaðför.

Nr. 8/1906:

Sigfús Fymundsson  
gegn  
Lárusi Halldórssyni.

### D ó m u r

Hinn 2. okt. f. á. var fúgetaréttur Reykjavíkur settur á heimili áfrýjanda, Sigfúsar bóksala Eymundssonar í Reykjavík, til þess, samkvæmt kröfu stefnda, Lárusar prests Halldórssonar, að fá fullnægt yfirréttardómi 31. júlí f. á. í máli milli nefndra aðila, en með dómi þeim var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 680 kr. ásamt 5% vöxtum p. a. frá 26. ágúst 1904

til borgunardags og 40 kr. í málskostnað. Dómur þessi hafði verið birtur áfryjandanum 4. ágúst f. á. og var því fullnægingarfrestur dómsins útrunninn. Við fógetagjörðina neitaði rekvisitus að greiða hina umkröfðu dómskuld með fjárnámskostnaði, er samtals var metið 760 kr. 50 a., með því að hann ætlaði að áfryja dóm-inum til hæstaréttar og kvaðst þegar hafa gjört ráðstaf-anir til þess, en hann vísaði á til fjárnáms eftir áskor-un fógetans jarðeignirnar Hofstaði og Hrísdal, báðar í Hnappadalssýslu, og með því að dómhafi tjáði sig ánægðan með fjárnám í þeim, lýsti fógetinn löghaldi og fjárnámi í jarðeignum þessum til lúkningar kröfu hans.

Fjárnámsgjörð þessari hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. febr. þ. á. og krafist þess, að fjárnámið verði úr gildi felt og stefndi dæmd-ur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfir-dómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að fjárnámsgjörðin verði staðfest og áfryjandinn dæmdur til að greiða allan af áfryjuninni leiðandi kostnað.

Áfryjandinn hefir bygt kröfu sína um ógildingu fjárnámsins á því, að hann hafi eigi fengið svifrúm til að áfryja dóm-inum áður fjárnámið var gjört, en hann hafi verið búinn að skrifa hæstaréttarmálafærslumanni í Khöfn og biðja hann að áfryja málinu, og heldur hann því fram, að þetta sé eftir venju hér á landi nægilegt til að afstýra fjárnámi. Þessu hvorutveggja hefir stefndi neitað, og þar sem áfryjandi eigi gat lagt fram stefnu til hæstaréttar á dóm-inum, er fjárnám átti að gjöra eft-ir, sbr. N. L. 1—22—56, þá átti stefndi heimtingu á að fjárnámsgjörðin fengi framgang. Með því að áfryj-

andinn hefir eigi haft frekara að athuga við hina áfrýj-  
uðu gjörð, verður því að staðfesta hana, og ber áfrýj-  
anda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað  
að fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð á að vera óröskuð.  
Áfrýjandinn Sigfús bóksali Eymundsson greiði  
stefnda, Lárusi presti Halldórssyni í málskostnað  
fyrir yfirdómi 15 krónur, er lúkist innan 8 vikna  
frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 30. aprilmán.

Nr. 39/1905: Oddur Gíslason málaflutningsmaður  
f. h. Valdimar Petersens stórkaupm.  
gegn  
hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps.

Dómur:

Stefnan til yfirdómsins í máli þessu ber það eigi  
með sér, og það er eigi heldur sannað á annan hátt, að  
hún hafi verið birt fyrir hinni stefndu hreppsnefnd, og  
þar sem hreppsnefndin eigi hefir mætt né látið mæta  
fyrir yfirdóminum, þá er málið kom þar fyrir sam-  
kvæmt stefnunni, verður ex officio að vísa málinu frá